

Alþingi
Erindi nr. P 128/414
komudagur 3. 12. 2002



Reykjum í Ölfusi, 30. nóvember 2002.

Alþingi, allsherjarnefnd,
150-Reykjavík.

Umsögn Sambands garðyrkjubænda um tillögu til þingsályktunar um athugun á orsökum fyrir háu matvælavæði á Íslandi samanborið við önnur Norðurlönd og ríki Evrópusambandsins”, 3. mál, þskj. 3, 128. löggjafarþing 2002-2003., sbr. bréf allsherjarnefndar til sambandsins 21. október s.l.


Á fundi sínum 28. þ.m. fjallaði stjórn Sambands garðyrkjubænda um ofangreinda þingsályktunartillögu.

“Sambandið telur það vera sameiginlega hagsmuni almennings og framleiðenda grænmetis og annarrar matvöru að draga megi upp sem réttasta mynd af orsökum fyrir því að matvælavæði á Íslandi er hátt miðað við nágrannalöndin”.

Sambandið telur umrædda þingsályktunartillögu jákvætt framlag í þessu efni og býður fram aðstoð sína við öflun upplýsinga verði tillagan samþykkt”.

Í þessu sambandi er vakin athygli á að í “Aðlögunarsamningi um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða milli ríkisstjórnar Íslands og Bændasamtaka Íslands/Sambands garðyrkjubænda”, sem gerður var 12. mars s.l. er kveðið á um að koma eigi upp samstarfi aðila vinnumarkaðarins, bænda og stjórnvalda til að fylgjast ítarlega með verðmyndun garðyrkjuafurða og ávaxta og að fylgjast skuli með verðlagi á innfluttu grænmeti og ávöxtum og það borið saman við verð í öðrum löndum. Gert er ráð fyrir í samningnum að Bændasamtökin og Samband garðyrkjubænda afli gagna í þessum tilgangi.

Þessu er hér með komið á framfæri.


Framkvæmdastjóri.

Vinsamlegast athugið, að formaður Sambands garðyrkjubænda er Helgi Jóhannesson, Garði, 845-Flúðum.

Óskað er eftir að skrám Alþingis verði breytt í samræmi við þetta.